

Ed.

273. Frumvarp

til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu álití sóknarnefndar

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sjer kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til rikissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.